

Reykjavík 25. september 2017

73. fundur dómara nefndar SSÍ

**Fundur settur kl. 17:15**

**Mætt:** Viktoría Gísladóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Hilmar Theodór Björgvinsson, Hilmar Örn Jónasson, Bryndís Sigurðardóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

**Fjarverandi:** Lilja Ósk Björnsdóttir.

Dómaranámskeið sem átti að halda fyrir Hafssportsmót Ármanns sem fram fór um liðna helgi var felld niður. Tveir þátttakendur bókuðu sig á námskeiðið, annar þeirra boðaði forföll á síðustu stundu og því var sjálfgefið að hætta við. Það sama gilti um námskeið sem átti að halda fyrir AMÍ í sumar.

LEN dómara fundur verður haldinn í Belfast 10.-12. nóvember. Einn yfirdómari ætlar að sækja fundinn. Hann hefur sótt um styrk til Sundsambands Íslands um það hvort það komi til móts við hann í þátttökukostnaði. Svar hefur enn ekki borist frá SSÍ um það hvort styrkur verði veittur.

Í fundargerð frá SSÍ þann 31. ágúst 2017 kemur fram að FINA býður uppá að dómarskóli verði haldinn hér á landi 2018. FINA borgar ferðir fyrir tvo kennara hingað, fæði og uppihald. Dómara nefndin hefur áhuga á að fá hingað dómarskólann en hefur engar frekari upplýsingar um málið á þessu stigi. Dómarskólinn var síðast haldinn hér á landi í apríl 2016. Hann þótti takast mjög vel og það var ánægjulegt að sjá hve margir þátttakendur komu frá ýmsum löndum Evrópu.

Nýjar þýðingar á FINA reglum eru samþykktar af hálfu dómara nefndar. Óskað er eftir aðkomu SSÍ um hvernig nýjar reglur verða kynntar sundmönnum, þjálfurum sundfélaga og formönnum þeirra.

Hjálagt skjal Sundreglur FINA 2017 – 2021

**Fundi slitið kl. 18:45**